



ÁGÆTI SJÓÐFÉLAGI

Eftirfarandi eru helstu upplýsingar um starfsemi Lífeyrissjóðs verzlunarmanna á árinu 2013. Eignir sjóðsins til greiðslu lífeyris námu 454 milljörðum króna í árslok samanborið við 402 milljarða í upphafi ársins. Ávöxtun sjóðsins og verðbréfaleiðar í séreignardeild var 10,2% sem samsvarar 6,3% raunávöxtun að teknu tilliti til verðbólgu. Nafnávöxtun innlánsleiðar í séreignardeild var 5,2% sem samsvarar 1,5% raunávöxtun á tímabilinu.

MEGINÞÆTTIR ÚR STARFSEMI SJÓÐSINS 2013

Afkoman á árinu var 10,3% sem samsvarar 6,4% raunávöxtun. Ávöxtun, þegar rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá hreinum fjármunatekjum, var 10,2% sem samsvarar 6,3% hreinni raunávöxtun.

Eignasafn sjóðsins í lok árs 2013 skiptist þannig að um 27% af eignum eru í dreifðu safni erlendra verðbréfa, 30% í innlendum ríkistryggðum skuldabréfum, 8% í safni sjóðfélagalána, önnur skuldabréf eru samtals 13% af eignum og 6% eru í banka-innstæðum. Innlend hlutabréfaeign jókst á árinu og nemur nú um 16% af eignum sjóðsins.

Fjárfestingar á árinu námu liðlega 64,1 milljarði og sala verðbréfa 18,3 milljörðum. Þar af er helst að nefna fjárfestingar í skuldabréfum um 34,6 milljarðar og í innlendum hlutabréfum 12,5 milljarðar.

Lánveitingar til sjóðfélaga námu 1.610 milljónum króna samanborið við 1.207 milljónir árið áður.

Séreign: Iðgjaldagreiðslur námu 476 milljónum króna á árinu 2013 og útgreiðslur voru 334 milljónir. Meðtalið í útgreiðslum eru greiðslur vegna tíma-bundinnar heimildar til úttektar séreignar-sparnaðar að fjárhæð 167 milljónir til 339 sjóðfélaga.

Tryggingafræðileg staða sjóðsins í árslok 2013 er jákvæð um 0,9% og batnaði frá fyrra ári er hún nam -0,4%. Tryggingafræðileg staða segir til um getu sjóðsins til að standa við lífeyrisskuldbindingar sínar.

Greiðandi sjóðfélagar voru 47.537. Þar af voru 32.439 virkir sjóðfélagar en það eru þeir sem að jafnaði greiða iðgjöld með reglubundnum hætti í hverjum mánuði.

Iðgjaldagreiðslur til sameignardeildar námu 18,3 milljörðum sem er hækkun um 6,0% frá fyrra ári. Samtals greiddu 7.840 fyrirtæki iðgjöld vegna starfsmanna sinna.

Lífeyrisgreiðslur árið 2013 námu 8,7 milljörðum króna. Það er hækkun um 12,7% frá fyrra ári. Lífeyrisþegar voru 12.175 og hefur þeim fjölgað um 7,5% frá 2012. Útgreiddur lífeyrir skiptist þannig: Ævilangur lífeyrir 70,7%, örorkulífeyrir 21,0%, makalífeyrir 7,2% og barnalífeyrir 1,1%.

Fjárfestingargjöld og rekstrarkostnaður: Samkvæmt reglum um gerð ársreikninga lífeyrissjóða sem Fjármálaeftirlitið setur er kostnaði við rekstur sjóðsins skipt upp í fjárfestingargjöld og rekstrarkostnað. Fjárfestingargjöld námu 359 milljónum á liðnu ári. Rekstrarkostnaður að frádregnum öðrum tekjum nam 305 milljónum. Fjárfestingargjöld og rekstrarkostnaður námu því samanlagt 664 milljónum sem samsvarar 0,16% af eignum.

Breytingar á samþykktum sjóðsins

Stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna hefur lagt fram tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins. Tillögurnar miða m.a. að breytingu á framreikningsreglu, sem ætlað er að einfalda sjóðfélögum að átta sig á örorku- og makalífeyrisrétti. Einnig eru breytingar sem varða sérákvæði Lífeyrissjóðs verzlunarmanna varðandi makalífeyrisréttindi, breytingar til samræmis við aðra lífeyrissjóði og loks breytingar sem varða form en hafa ekki efnisbreytingu í för með sér.

Breytingartillögurnar voru kynntar á ársfundi lífeyrissjóðsins 17. mars sl. og eru nú til umsagnar hjá aðildarsamtökum sjóðsins. Að fenginni umsögn þeirra verður óskað eftir staðfestingu fjármálaráðherra á breytingunum. Miðað er við að þær taki gildi um næstu áramót. Hægt er að kynna sér breytingartillögurnar á vef sjóðsins.


Öflugur lífeyrissjóður

Tryggingafræðileg staða er jákvæð um 0,9%. Þetta þýðir að sjóðurinn stendur vel undir skuldbindingum sínum um greiðslu lífeyris.

Níu milljarðar í lífeyri

Sjóðurinn greiddi um níu milljarða króna í lífeyri úr sameignardeild á árinu 2013, en um átta milljarða árið 2012. Þetta er hækkun um milljarð, eða 12,7%. Lífeyrispegum fjölgaði hins vegar á sama tíma um 7,5%. Á undanförunum fimm árum, 2009 til og með 2013, greiddi Lífeyrissjóður verzlunarmanna, á verðlagi í dag, út 38,1 milljarð króna í lífeyri úr sameignardeild og 3,2 milljarða úr séreignardeild. Þetta eru 41,3 milljarðar króna og ef árinu 2008 er bætt við er heildarfjárhæðin nærri því að vera 50 milljarðar.

LÍFEYRISGREIÐSLUR 2004–2013 í milljónum kr. á verðlagi hvers árs



Með kveðju,

Guðmundur Þ. Þórhallsson,
framkvæmdastjóri